

Nd. **181. Breytingartillaga** [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
 1. mgr. 43. gr. laganna orðist þannig:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.